Bæjarstjórn - 1918

**FUNDARBOÐ**

**1918. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 11. október 2023 og hefst kl. 14:00**

**Dagskrá:**

**Almenn erindi**

**1. 2208659 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2023 og 2024-2026**

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 4.október sl.
Lagt fram minnisblað um hækkun gjaldskrár v/skólamatar.

Meirihluti fræðsluráðs samþykkir að vísa tillögu um hækkun matar í leik- og grunnskólum til samþykkis í bæjarstjórn. Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun

Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. Hækkun til notanda er umtalsverð og ekki til þess fallin að stíga skrefi nær markmiði meirihlutans um gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að ný gjaldskrá með lægri kostnaðarþátttöku notanda líti dagsins ljós við fyrsta tækifæri.

**2. 2310177 - Álfsnes, eigendasamkomulag, viðauki**

3. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.október sl.
Lögð fram drög að viðauka við eigendasamkomulag Sorpu bs. vegna Álfsness.
Gunnar Dofri Ólafsson samskiptastjóri Sorpu mætir til fundarins.

Bæjarráð þakkar Gunnari Dofra Ólafssyni, samskiptastjóra SORPU, fyrir kynninguna.

Bæjarráð samþykkir framlögð drög við viðauka við eigendasamkomulag SORPU bs. vegna Álfsness. Bæjarstjóra er veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar viðauka við eigendasamkomulagið.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**3. 2303980 - Straumhella 22, umsókn um lóð, úthlutun.**

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5. október sl.
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Straumhellu 22 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 22 við Straumhellu.

Samþykkt skil á lóð og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**4. 2303379 - Axlarás 17, umsókn um lóð, úthlutað**

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5. október sl.
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Axlarás 17 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 17 við Axlarás.

Samþykkt skil á lóð og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**5. 2310078 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.október sl.
Óskað er heimildar til að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breytinga á hluta miðsvæði M7 í stofnanasvæði.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á skipulagi Fornubúða þar sem hluti miðsvæðis verður stofnanasvæði og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**6. 2207373 - Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum**

Til umræðu.

**7. 2303899 - Biðlistar eftir félagslegum íbúðum í Hafnarfirði**

Til umræðu.

**8. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi**

Til umræðu.

**9. 2307268 - Hringhamar 43, hjúkrunarheimili og heilsugæsla, tilboð**

Til umræðu.

**Fundargerðir**

**10. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.október sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 5.október sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20.september sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 27.september sl.
c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 5. september sl.
d. Fundargerð stjórnar SSH frá 18.september sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 4.október sl.

a. Fundargerðir íþrótta- og tómstundanefndar frá 19. og 26. september sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 4. október sl.
a. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 5.september sl.
b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15.september sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 3.október sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 9.október sl.

09.10.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri